

Smári Björnsson,  
Bæjartæknifræðingu  
Snæfellsási 2, Hellissandi  
355 Ólafsvík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
06. jan. 2011 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. janúar 2011  
Tilvísun: UST20110100022/bs

### **Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna endurbyggingar vegar um Fróðárheiði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Húss og skipulags ehf þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar fyrir hönd Snæfellsbæjar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Fyrirhugaður vegur vikir allt að 300 m frá núverandi vegi, að hluta inn á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Skerðing votlendis verður á litlu svæði. Opnuð verður ný náma í Illahorni til næstu 15 ára.

Ráðgert er að taka alls 25,000 m<sup>3</sup> af efni á þessum stað.

Ekki er talið að fyrirhugaður vegur muni liggja um sjaldgæft eða sérstakt gróðurlendi. Á vegstæðinu er hvorki að finna jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ekki er talið að fyrirhuguð framkvæmd muni skerða náttúruverndargildi svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun hefur gert athugasemdir við umrædda tillögu á fyrri stigum og hefur verið tekið tillit til ábendinga stofnunarinnar. Til að áætlun um efnismagn og vinnslutíma námunnar í Illahorni standist ætti að tryggja að náma verði nýtt með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í greinargerð.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Stofnunin telur ekki líklegt að breyting á aðalskipulaginu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

*Ólafur A. Jónsson*  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun